

Verkefni: Félagsfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 9. maí 2014
Tímasetning fundar: kl. 19:30 - 19:50
Fundarstaður: Íþróttahöllin á landsmóti kvennakóra á Akureyri

Þórhildur Kristjánsdóttir formaður Gígjunnar setti fundinn og lýsti ánægju sinni með skipulagninu landsmótsins.

1. Vefsetur Gígjunnar.

Þórhildur Kristjánsdóttir formaður kynnti vefsetur Gígjunnar. Meðal annars hvernig vefurinn er uppsettur. Hún beindi því til kórkvenna að vera duglegar að senda inn fréttir. Hún óskaði einnig eftir myndum frá kórnum. Hún bað konur um að skoða upplýsingarnar sem eru inni á síðunni um kórana og senda strax inn tilkynningar um breytingar til Gígjunnar þegar þær verða. Upplýsingar um tónleika aðildarkóranna eru inni á síðunni og gott er að fá allar upplýsingar um tónleika sem kórarnir halda til að setja inn á síðuna. Hægt er að skoða allar upplýsingar um landsmót kvennakóranna á síðunni. Vefsetrið er heimild kóranna um starfið.

2. Tónverkasjóður Gígjunnar.

Kvennakór Akureyrar sótti um styrk úr Tónverkasjóði Gígjunnar og fékk 33% af kostnaði landsmótslagsins. Þórhildur sagði frá því að ef kórar væru að láta semja fyrir sig lag þá væri alltaf hægt að sækja um styrk hjá Gígjunni og væri stjórn Gígjunnar heimilt að veita allt að 33% af kostnaði við gerð tónsmíðarinnar.

3. Fánar Gígjunnar.

Þórhildur sagði frá nýju fánum Gígjunnar sem almenn ánægja var með. Hönnuðurinn er Gréta Ösp í Kvennakór Garðabæjar.

Fleira var ekki á dagskrá og sleit Þórhildur formaður fundi kl. 19:50.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir